

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Alberta Gullveig Guðbjartsdóttir
Dags. 12. nóvember 2020
Mnr. 2020110018



ÍSAFJARÐARBÆR

Sérstakir íþrótt- og tómstundastyrkir fyrir börn á tekjulágum heimilum skólaárið 2020-2021

Í fjárukalögum fyrir árið 2020, sbr. lög nr. 26/2020, nr. 36/2020, um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins, var samþykkt 600 m.kr. framlag til sveitarfélaga í því skyni að gera þeim kleift að veita styrki til tekjulágra heimila þannig að öll börn geti óháð efnahag stundað íþróttir og aðrar tómstundir. Styrkirnir eru veittir af sveitarfélögum á grundvelli VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagþjónustan hjá Ísafjarðarbæ annast umjón með umsóknarferli og styrkúthlutun fyrir Ísafjarðarbæ og Súðavíkurbæ.

Samhliða stendur félagsmálaráðuneytið fyrir áttakinu „Allir með“ til að kynna styrkinn þar sem m.a. verði lögð sérstök áhersla á að ná til viðkvæmra hópa. Kynningarherferðin fer í loftið 16. nóvember 2020. Markmiðið er að allir sem eiga rétt nýti sér styrkinn og því er lögð áhersla á að kynna hann sem víðast.

Umsóknartímabilið þ.e. til 1. mars 2021. Gert er ráð fyrir að íþrótt- og tómstundaiðkunin fari fram á skólaárinu 2020-2021.

Framkvæmd styrkúthlutana er á hendi sveitarfélaga og lúta þeim reglum sem almennt gilda um styrki sveitarfélaga. Þar með talið um skattskyldu og málsmeðferð.

Fyrir lok skólaárs 2020-2021 skulu sveitarfélög greiða íþrótt- og tómstundastyrk með börnum fæddum á árunum 2005 til 2014 á tekjulágum heimilum, þ.e. sem eru með lögheimili á heimili þar sem heildartekjur framfærenda, einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks, voru að meðaltali lægri en 740.000 kr. á mánuði á tímabilinu mars til júlí 2020.

Styrk skal greiða vegna kostnaðar við íþrótt- og tómstundastarf á skólaárinu 2020-2021, allt að 45.000 kr. fyrir hvert barn.

Íþrótt- og tómstundastyrk skal greiða samkvæmt umsókn til sveitarfélags. Umsókn skal berast fyrir 1. mars 2021 og miða skal við að íþrótt- og tómstundaiðkunin fari fram á skólaárinu 2020-2021.

Áður en umsækjandi sækir um styrkinn hjá sveitarfélagi kannar hann rétt sinn hjá Ísland.is. Þar fær hann sjálfvirka niðurstöðu um hvort hann uppfylli tekjuviðmið skv. 1. gr. reglnanna, ásamt leiðbeiningum um næstu skref.